

## Hafdís Sigurþórsdóttir

---

**Frá:** Hjördís <haholt3@simnet.is> **Sent:** 8.8.2017 13:37:00  
**Til:** Skipulags- og umhverfissvið  
**CC:** haholt3@simnet.is <haholt3@simnet.is>  
**BCC**  
**Efni:** Athugasemd við deiliskipulagsbreytingu vegna Vesturgötu 120-130.  
**Viðhengi:**  
**Málsnúmer:** 1703203

Athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi stofnanareits vegna Vesturgötu 120-130, íþróttahúss við Vesturgötu.

Við undirrituð, íbúar á Háholti 3, fögnum byggingu fimleikahúss við íþróttahúsið við Vesturgötu.

Samt sem áður viljum við gera nokkrar athugasemdir við legu og hæð hússins:

1. Of mikið skuggavarp að okkar húsi, Háholti 3, sérstaklega í apríl og ágúst. Rýrir það notagildi og gæði garðsins bæði fyrir íbúa og gróður. Vor, sumar og haust er sá tími sem fólk og gróður nýtur sólar og útiveru best í görðum sínum, sérstaklega seinni hluta dagsins.
2. Húsið stendur of nálægt götunni og breytir götumyndinni mikið og þrengir að henni. Betur færi á því að húsið standi jafn langt frá götunni og íþróttahúsið sjálft. Með því að færa húsið fjær götunni mætti líka setja bílastæði við endann, líkt og er við enda íþróttahússins og jafnvel lífga upp með gróðri.
3. Húsið er of hátt. Lækka húsið með því sprengja klöppina. Vitum fyrir víst að lítið mál er að sprengja eða fleyga klöppina án þess að það raski ró nágranna eða skemmi eigur þeirra.

Út frá þessum röksemdum leggjum við til að húsið verði grafið og sprengt eins djúpt í lóðina og unnt er og raunhæft út frá notkun þess og eins langt frá Háholtinu og kostur er.

Með þessum breytingum félli húsið betur að umhverfi sínu.

Akranesi 8. ágúst

Björgvín Guðjónsson, Háholti 3, 200259-5729,  
Hjördís Hjartardóttir, Háholti 3, 160259-3889.

Óskum eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa pòsts.